

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
13. fundur þriðjudaginn 25. júní 2019 kl. 8.30
Nefndasvið Alþingis

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP) og Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Ákvæði 1.-28. gr. frumvarpsins ásamt skýringum.

Yfirferð yfir 1.-28. gr. frumvarps fram haldið frá síðasta fundi. Ákveðið að umræða um rafræn kerfi, eins og til dæmis kjördeildarkerfi Þjóðskrár Íslands, verði tekin með umræðu um rafræna kjörskrá.

a. Kosningaréttur þeirra sem búsettir eru erlendis.

Rætt um framkvæmd á Norðurlöndum. Norðmenn og Svíar búsettir erlendis halda kosningarrétti sínum í 10 ár eftir flutning lögheimilis en þurfa að sækja um komast á kjörskrá eftir það. Í Finnlandi missir þú kosningaréttinn einungis við missi ríkisborgararéttar. Í Danmörku er kosningarréttur í þingkosningum bundinn við lögheimili með nokkrum þröngum undantekningum.

Rætt um að kosningarrétt Íslendinga búsettra erlendis og hversu lengi megi ætla að þeir haldi tengsl við landið þannig að það réttlæti áhrif á íslenskt samfélag með kosningaréttinum. Kosningaréttur erlendis búsettra er undantekning frá lögheimilisskilyrði kosningalaga. Fram til setningu laga nr. 66/1989 héldu Íslendingar búsettir erlendis einungis kosningarréttinum í fjögur ár frá flutningum. Ákveðið að starfshópurinn muni leggja til að eftir 16 ára samfellda búsetu erlendis missi Íslendingar kosningarrétt hér á landi. Þar með fellur brott ákvæði um umsóknarferli erlendis búsettra til að komast á kjörskrá hjá Þjóðskrár Íslands. Ákveðið að leggja til sólarlagsákvæði fyrir þá Íslendinga sem nú eru með kosningarrétt þannig að þeir haldi kosningarrétti sínum í 16 ár frá gildistöku frumvarpsins.

b. Stjórnsýsla kosninga.

Rætt um 16.-24. gr. frumvarps. Rætt um nýja kosningastofnun og stjórn hennar, hlutverk og verkefni. Ákveðið að ræða betur á næsta fundi.

c. Kjörstjórnir og talning atkvæða.

Frestað til næsta fundar.

3. Staðsetning kosningastofnunar – tillaga Sýslumannaráðs.

Frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál.

Rætt um gerð minnisblaðs um stöðu vinnunnar við endurskoðun kosningalaga sem kynnt verður á sumarfundi forsætisnefndar í ágúst.

Næsti fundur starfshópsins verður 13. ágúst nk. og svo á tveggja vikna fresti til loka nóvembermánaðar.

Fundi slitið kl. 10.